

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 16. desember 2019  
UST201904-058/F.T.  
08.14.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 3. desember sl. þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna fráviks sem skráð voru í eftirliti dags. 16. september 2019. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang, annan en brotamálm sem rúmast í einum gámi, á urðunarstaðnum. Gamlir olíugeymar, eldiskví og flotkúlur skal fjarlægja og koma til endurvinnslu. **Skv. rekstraraðila hefur gengið illa að fá eigendur olíutankana til að fjarlægja þá en verið er að vinna í því að þeir verði fjarlægðir. Ásamt þessu segist rekstraraðili einungis taka við umbúðaplasti o.þ.h. en ekki stórum hlutum eins og eldiskvíum og flotkúlum og hafi það þess vegna ekki verið sent í endurvinnslu. Rekstraraðili segist einungis hægt að skera þessa hluti niður og urða.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Við eftirlit var vatn í gryfjum fyrir lífrænan- og heimilisúrgang. **Skv. rekstraraðila er grunnvatnsstaða breytileg en þegar fráveituskurður var gerður fyrir ofan urðunarsvæði lækkaði staðan aðeins. Þegar búið verði að koma drenlögnum og hreinsivirki neðan við urðunarsvæði muni grunnvatnsstaðan með tímanum lækka meira.**
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Leiða skal allt vatn sem safnað er í hreinsivirki áður en það er leitt í Skógalón. Rekstraraðili hefur ekki útbúið hreinsivirki fyrir sigvatn en frestur vegna framkvæmdanna var 1. ágúst 2019. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að kaupa allt efni til að setja niður hreinsivirki neðan við urðunarsvæði en ekki hefur verið hægt að setja það niður vegna mikilla rigninga og bleytu en stefnt er á að hefja verkið við fyrsta mögulega tækifæri.**
4. Skráningar vegna t.l 4 og 8-12 eru ekki fullnægjandi. Mæla skal sig á urðunarstaðnum og er sjónmat ekki fullnægjandi. Ekki er nóg að vísa í veðurfarsmælingar heldur skulu þær fylgja skýrslu um niðurstöður skráninga. **Skv. upplýsingum frá rekstraraðila hefur verið bætt efni ofan á þau svæði þar sem sig hefur orðið. Slíkt sé þó sjaldgæft. Stofnunin ítrekar að upplýsingunum skal skilað í ársyfirliti samhliða öðrum skráningum og óskar þess að rekstraraðili hafi veðurfarsupplýsingar fyrir urðunarstaðinn í næstu ársskýrslu.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og veitir úrbótafrest til 1. ágúst 2020. Úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

*Sigríður Magnúsdóttir*  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

*Frigg Thorlacius*  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Austurlands